



Reykjavík, 2. apríl 2025

MSS24090007

Erindisbréf - Stýrihópur um endurskoðun lögreglusamþykktar Reykjavíkur

Borgarráð samþykkti þann 5. september síðastliðinn tillögu borgarstjóra um að fela forsætisnefnd að endurskoða lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008 með síðari breytingum, í samráði við lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki hjálagt erindisbréf stýrihóps um endurskoðun lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Óskað er eftir að forsætisnefnd staðfesti skipun tveggja fulltrúa meirihluta og eins fulltrúa minnihluta. Skrifstofa borgarstjórnar verður forsætisnefnd til aðstoðar.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt: Erindisbréf um endurskoðun lögreglusamþykktar Reykjavíkur



Reykjavík, 2. apríl 2025

MSS24090007

óm

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um endurskoðun á lögreglusamþykkt Reykjavíkur

Ábyrgðarmaður:

Forseti borgarstjórnar

Inngangur:

Á fundi borgarráðs 5. september 2024 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra samþykkt:

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela forsætisnefnd að endurskoða lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008 með síðari breytingum, í samráði við lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins. Skrifstofa borgarstjórnar verður forsætisnefnd til aðstoðar.

Greinargerð:

Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg var samþykkt 19. nóvember 2008 og árið 2021 var samþykkt minniháttar breyting á henni. Frá árinu 2008 hafa margvísleg lög og reglugerðir sem varða þá málaflokka sem lögreglusamþykktin tekur til verið breytt, s.s. um úrgangsmál, veitingahús- og gististaði, auk aðalskipulags Reykjavíkurborgar og ýmsar samþykktir borgarinnar. Tími er kominn til að endurskoða lögreglusamþykktina í heild sinni og þá sérstaklega ákvæði um skyldu til snjómoksturs við heimili og fyrirtæki, sbr. skaðabótareglur í viðkomandi lögum, meðferð eggvopna, ekki síður en skotvopna, skilgreining á skyldum framkvæmdaaðila varðandi upplýsingar og aðbúnað á verkstað, s.s. fyrir gangandi og hjólandi, ákvæði um númerslausa bíla og bílhæ, bann við lausangangi bifreiða, sterkari ákvæði um bann við losun úrgangs annars staðar en á viðurkenndum móttökustöðvum, sbr. flokkunarskyldu, ný lög um hringrásarhagkerfið og nýjar samþykktir Reykjavíkurborgar um meðferð úrgangs svo dæmi séu nefnd.

Á fundi forsætisnefndar 14. mars 2024 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 18. september 2024, sbr. samþykkt borgarráðs frá 5. september 2024 á að óska eftir umsögnum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og fagsviða Reykjavíkurborgar, og ábendingum frá hagsmunaaðilum, um atriði sem þarfnast endurskoðunar í gildandi lögreglusamþykkt, ásamt fylgiskjölum. Einnig lögð fram umsögn skóla- og frístundasviðs, dags. 7. október 2024, umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. febrúar 2025, umsögn Vegagerðarinnar, dags. 30. október 2024, og umsögn velferðarsviðs, dags. 13. nóvember 2024



Reykjavík

**Hlutverk:**

Hlutverk hópsins er að gera tillögur að breytingum á lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar. Skal hópurinn hafa til hliðsjónar umsagnir hagsmunaaðila og breytingar sem hafa orðið á þeim lögum og reglugerðum sem varða þá málaflokka sem lögreglusamþykktin tekur til. Hópurinn skal jafnframt leita samráðs við lögreglustjórnann á höfuðborgarsvæðinu.

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Sanna Magdalena Mörtudóttir (formaður), forseti borgarstjórnar.

Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi.

Magnea Gná Jóhannsdóttir, borgarfulltrúi.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Ólöf Magnúsdóttir, skrifstofa borgarstjórnar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Helga Björk Laxdal skrifstofustjóri borgarstjórnar

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni tillögum fyrir lok október 2025.

Sanna Magdalena Mörtudóttir
Forseti borgarstjórnar



Reykjavík